

Ágengar plöntur í Stykkishólmi. Útbreiðsla og tillögur um mótvægisáðgerðir

Menja von Schmalensee* og Róbert A. Stefánsson
Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi

Ljóst er að ágengar tegundir geta haft veruleg neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Áætlað er að á heimsvísu megi nú finna a.m.k. 100-550 þúsund tegundir plantna og dýra sem lifa utan náttúrulegra heimkynna sinna og er talið að allt að 80% tegunda á alþjóðlegum válistum séu þar vegna neikvæðra áhrifa innfluttra tegunda [1].

Ísland er þátttakandi í fjölmörgum alþjóðlegum samningum og samstarfi um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, s.s. samningnum um líffræðilega fjölbreytni (CBD), Bernarsamningnum um verndun villtra dýra, plantna og búsvæða í Evrópu, CAFF (Conservation of Arctic Flora and Fauna) um lífríkisvernd á norðurslóðum og NOBANIS-verkefninu um ágengar tegundir í Norður-Evrópu. Með aðild sinni að þessum samningum og verkefnum hefur Ísland skuldbundið sig til að varðveita þær tegundir og stofna sem hér er að finna og til að grípa til aðgerða ef ógnir steðja að íslenskum vistkerfum og tegundafjölbreytni.

Á Íslandi er að finna a.m.k. 126 framandi tegundir sem náð hafa nokkurri fótfestu í náttúrunni. Sjö þeirra teljast vera ágengar (þar af 3 plöntutegundir) og 17 mögulega ágengar (www.nobanis.org). Til að draga úr kostnaði og auka líkurnar á árangri gegn innfluttum, ágengum tegundum er mikilvægt að grípa til skipulegra aðgerða sem fyrst eftir að tegund nær fótfestu [2].

Gerð var úttekt á útbreiðslu fjögurra plöntutegunda í landi Stykkishólmsbæjar, sem nær yfir tæpa 10 km². Tvær þeirra, Alaskalúpína (*Lupinus nootkatensis*) og skógarkerfill (*Anthriscus sylvestris*) eru flokkaðar sem ágengar, bjarnarkló (*Heracleum mantegazzianum*) er í flokki mögulega ágengra plantna en ekki er vitað hvort Spánarkerfill (*Myrrhis odorata*) sé ágengur. Vaxtarstaðir plantnanna voru kortlagðir og flatarmál breiðna metið.

Alaskalúpína fannst á 148 aðskildum stöðum og var heildarflatarmál lúpínubreiðna áætlað um 106 þúsund m². Skógarkerfill var skráður á 38 stöðum og var heildarflatarmál skógarkerfilsbreiðna 1.455 m². Spánarkerfill var skráður á 41 stað og var heildarflatarmál Spánarkerfilsbreiðna 1.021 m². Bjarnarkló fannst á þremur stöðum, tveir þeirra voru í einkagörðum en einn á lóð fyrirtækis. Um stakar plöntur var að ræða, 1-3 m² á hverjum stað.

Lagt er til að öllum ofangreindum plöntutegundum verði útrýmt úr landi Stykkishólmsbæjar með markvissum aðgerðum. Settar eru fram leiðir að því markmiði með aðferðum sem sniðnar eru að hverri tegund. Góð samvinna bæjaryfirvalda og íbúa er forsenda þess að verkefnið takist og er því nauðsynlegt að verkefninu fylgi fræðsla til íbúa. Til að viðhalda árangri átaksins er eftirfylgni mikilvæg og er m.a. lagt til að sveitarfélagið marki sér skýra stefnu varðandi innflutning og dreifingu ágengra plöntutegunda.

[1] Nentwig, W., 2008 Biological Invasions: why it Matters. *Í Biological Invasions*, W. Nentwig (ritstj.). Springer: Berlin. Bls. 1-6.

[2] Rejmánek, M. & J. Pitcairn, 2002 When is eradication of exotic pest plants a realistic goal? *Í Turning the tide: the eradication of invasive species*, C.R. Veitch and M. Clout (ritstj.). IUCN Species Survival Commission Occasional Paper. Bls. 249-253.